



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. mars 2016
Tilvísun ÞÍ: 2016030346/5.13.0

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um endurskoðun laga um lögheimili, þingskjal 32 – 32. mál.

Vísað er til tillögu til þingsályktunar þingskjal 32 – 32. mál sem birt er á vefsíðu Alþingis. Þar er lagt til að innanríkisráðherra skipi starfshóp sem undirbúi endurskoðun laga um lögheimili, nr. 21/1990, með það að markmiði að hjónum verði gert fært að eiga lögheimili hvort á sínum stað, hvort heldur er þegar bæði hafa bækistöð innan lands eða þegar annað hefur bækistöð erlendis

Þjóðskrá Íslands fagnar tillögunni og telur fulla ástæðu til þess að ákvæði lögheimilislaga um lögheimili hjóna verði endurskoðað og er skipun starfshóps árangursrík leið til þess að kanna nánar hvaða kostir eru færir til þess að ná þeim markmiðum sem að er stefnt.

Lengi hefur staðið til að hefja endurskoðun á lögum um lögheimili og lögum um aðsetursskipti, sem endurspeglar ekki íslenskan samtíma og þjóðfélagsgerð. Hinsvegar telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að taka lög um lögheimili og lög um aðsetursskipti til heildarendurskoðunar.

Þjóðskrá Íslands styður það heilshugar að skipaður verði starfshópur sem fjalli um endurskoðun lögheimilislaga. Stofnunin vill leggja á það áherslu að heildstætt mat fari fram á kostum og göllum þess að heimila eða breyta fyrirkomulagi á skráningu lögheimilis hjóna. Þjóðskrá Íslands er tilbúin til að leggja starfshópnum lið eftir þörfum ef eftir því yrði leitað.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Indriði Björn Ármannsson
Lögfræðingur